

Tillaga um mótun menntastefnu

Borgarstjórn samþykkir að hefja vinnu við mótun menntastefnu Reykjavíkur til 2030 í nánú samstarfi við fulltrúa allra helstu aðila sem koma að skóla- og frístundastarfi á vegum borgarinnar. Markmið vinnunnar verði að ná breiðri samstöðu um mikilvægustu markmið, brýnustu úrbætur og aðgerðir í menntamálum borgarinnar til framtíðar með áherslu á hag barna og ungmenna í skólasamfélaginu.

Skipaður verði stýrihópur fulltrúa allra flokka í borgarstjórn sem beri ábyrgð á framkvæmd vinnunnar ásamt verkefnastjórn þar sem sæti eigi fulltrúar skóla- og frístundasviðs og teymi innlendra og erlendra ráðgjafa undir forystu Pasi Sahlberg frá Finnlandi, með það fyrir augum að byggt verði á bestu þekkingu.

Óskað verði eftir tilnefningum í sérstakan samráðsvettvang frá félögum stjórnenda, kennara, foreldra og nemenda sem tengjast skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að móta erindisbréf og verk- og tímaáætlun þar sem fram komi hlutverk og verkaskipting þeirra aðila sem koma eiga að vinnunni. Áætlunin verði lögð fyrir borgarráð eigi síðar en 15. febrúar 2017. Stefnt verði að því að menntastefna Reykjavíkur verði lögð fyrir borgarráð og borgarstjórn eigi síðar en 15. nóvember.

Greinagerð:

Við mótun menntastefnu er rýnt og byggt upp til framtíðar og jafnt til kallaðir sérfræðingar og helstu hagsmunaaðilar. Ríkar væntingar eru til þess að ný menntastefna verði hvatning og innblástur fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar borgarinnar þar sem þessar stofnanir mynda samverkandi heild fyrir börnin í borginni. Rík skylda hvílir á höfuðborginni um að vera í forystu í þróun menntamála á landinu öllu. Allar líkur eru á að menntastefna borgarinnar verði fyrirmynd fyrir önnur sveitarfélög og væntanlega mun hún skapa tækifæri til fjölbreyttrar og góðrar menntunar fyrir öll börn á landinu og þar með bættis samfélags. Skólastarf í Reykjavíkurborg stendur á ákveðnum tímamótum vegna breytinga sem orðið hafa á umgjörð og inntaki þess á liðnum árum. Árið 2011 voru yfirstjórnir leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs sameinaðar í eitt svið; skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Með sameiningunni var stefnt að auknum gæðum formlegrar og óformlegrar menntunar og aukinni samfellu í lífi barna og fjölskyldna þeirra. Áratuga reynsla sveitarfélaga á rekstri grunnskóla hefur skilað aukinni þekkingu sem draga má mikinn lærdóm af. Aðalnámskrár grunnskóla og leikskóla frá 2011 fela í sér viðamiklar breytingar m.a. í hugmyndafræði náms og kennslu auk þess sem grunnþættirnir læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun eiga að vera leiðarljós í almennri menntun, sem er nýjung.

Fjöl margar nýlegar rannsóknir á menntun og skólastarfi, bæði íslenskar og alþjóðlegar, veita aukna innsýn í málaflokkinn og undirstrika m.a. hversu mikilvægt er fyrir framtíð hvers samfélags að standa vel að menntun barna og ungmenna og hvað beri að forðast. Loks má benda á niðurstöður fjölmargra kannana á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar á viðhorfum og reynslu foreldra, starfsfólks og nemenda auk gagna frá Skólapúlsinum og Rannsóknum og greiningu o.fl., sem gefa vísbendingar um mikilvægi formlegs og óformlegs náms í velferð barnanna í borginni. Niðurstöður Pisa könnunarinnar fela einnig í sér upplýsingar í alþjóðlegum samanburði skólakerfa. Þá eru ótaldar stórfelldar breytingar sem hafa orðið á samfélaginu á undanförunum árum þ.á.m. á stöðu fjölskyldunnar og auknar væntingar um borgaralega þátttöku í lýðræðislegum ákvörðunum sveitarfélaga. Loks má nefna stefnumótun Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu: *Skólar í fremstu röð* þar sem koma fram tillögur og ábendingar um hvernig megi bæta skólastarf og umgjörð þess til framtíðar.

Á grundvelli alls þessa er rík ástæða til að staldra við, rýna í gögnin og ígrunda hvert skuli stefna í formlegri og óformlegri menntun barna og þar með að svara spurningunni; hvers konar samfélag viljum við skapa í borginni til framtíðar? Menntun barna er undirstaða

efnahags- og menningarlífs hverrar þjóðar og almennt er litið á það sem höfuðskyldu hvers samfélags að búa sem best að menntun allra barna. Kostnaður vegna menntunar er stór hluti útgjalda sveitarfélaga og nauðsynlegt er að leggja metnað í gerð menntastefnu sem skilar þeim árangri sem að er stefnt, og fylgja henni vel eftir með þeim björgum sem stefnan krefst.

Í vinnu við mótnun menntastefnu verður lagt upp með að byggja á raungögnum og upplýsingum um stöðu menntamála í Reykjavík sem og þeirri reynslu og þekkingu sem til er í erlendu samhengi. Til að tryggja útfærslu og framkvæmd stefnunnar verður lögð áhersla á að ná breiðri samstöðu starfsfólks, foreldra, nemenda og annarra sem koma að starfi leik- og grunnskóla og frístundastarfs m.a. með „þjóðfundum“ og skapa þannig forsendur fyrir sameiginlegu eignarhaldi. Endanleg mótnun nýrrar menntastefnu verður í höndum stýrihóps sem skipaður verður fulltrúum allra flokka í borgarstjórn. Með stýrihópnum mun starfa verkefnastjórn og teymi innlendra og erlendra ráðgjafa sem finnski fræðimaðurinn Pasi Sahlberg mun leiða en hann hefur með skrifum sínum og umræðum skipað sér í forystusveit fræðimanna sem haft hafa mest áhrif í skólamálaumræðuna í heiminum síðustu árin.

Með þetta í huga er gert ráð fyrir að eftirfarandi hafi aðkomu að verkefninu:

1. Stýrihópur, skipaður kjörnum fulltrúum, leiðir verkefnið og ber ábyrgð á framkvæmd þess. Gert er ráð fyrir að stýrihópur hittist mánaðarlega á meðan á vinnunni stendur og taki þátt í vinnufundum.
2. Verkefnisstjórn, skipuð fulltrúum skóla- og frístundasviðs, verkefnisstjóra og teymi innlendra og erlendra ráðgjafa eftir þörfum. Hlutverk verkefnisstjórnar er að móta daglegt verklag og tryggja að sú vinna sem þarf að fara fram sé unnin. Verkefnisstjórn hittist eins og þarf.
3. Samráðshópur, skipaður fulltrúum stjórnenda, kennara, foreldra og nemenda á leik- og grunnskólastigi, sem og frístundapjónustu. Hópurinn mun taka þátt í vinnufundum sem skipulagðir verða reglulega á vinnutíma verkefnisins.
4. Innlendir og erlendis sérfræðingar, í leik- og grunnskólumálum sem og frístundapjónustu. Leitað verður til hóps sérfræðinga um fasta ráðgjöf við verkefnið, en aðrir verða kallaðir til eftir þörfum.
5. Starfsmenn skóla- og frístundasviðs eftir þörfum.

Verkefnisáætlun verkefnisins mun taka tillit til fyrrnefnds, eða reglubundinna samráðs- og vinnufunda og þess á milli greiningar- og undirbúningsvinnu sem unnin er af þeim sem þarf hverju sinni. Grunnur að verkefnisáætlun og tímalínu verkefnisins er hér, en áætlunin verður þróuð ítarlegar á næstu vikum í samstarfi við þá aðila sem að verkinu koma. Áætlunin er á ensku þar sem gert er ráð fyrir aðkomu erlendra sérfræðinga að henni.

